



## HORFT ÁFRAM OG AFTUR

(1933–1947)

### Ísland, eitt af skemmtilegustu löndum jarðarinnar

(1933)

Um aldamótin 2000 verður Ísland orðið eitt af skemmtilegustu löndum jarðarinnar, og veðurfarið mun þá ekki verða því til fyrirstöðu að fegurð landsins fái að njóta sín. Loftslagsbreytingin er nú þegar farin að gera vart við sig á mjög eftirtæktarverðan hátt, þó að allt gangi enn skrykkjótt um þær og allar aðrar breytingar til batnaðar. En þó þyrfti ekki svo að vera . . .

Um aldamótin 2000 verða hagir mannkynsins orðnir gerbreyttir frá því, sem nú er. Væri um það langt mál að rita, en ég mun að sinni aðeins drepa á nokkur sérstaklega mikilsverð atriði. Fyrst og fremst verður heilbrigði og farsæld miklu almennari og meiri en nú gerist, því að mjög miklu betur verður kunnad að færa sér í nyt það, sem miðar til eflingar lífsins, hvort sem það er ástin, ljósið, eða fýri og ilmi (ozon) loftsins. Hver maður mun þá eiga þess kost miklu framar en nú gerist, að ástunda að verða sem fullkornastur, bæði andlega og líkamlega. Mjög mikil breyting verður orðin á atvinnuvegunum. Enginn maður verður þá að ala aldur sinn við að brjóta berg

í þröngum námugöngum og eiga á hættu, eins og oft hefir borið við, að verða þar lifandi grafinn og bíða hinn hræðilegasta dauðdaga. Þess verður þá engin þörf, að farið sé niður í jörðina til að sækja sólskin — því að kol má segja að sé margra milljón ára gamalt sólskin í nokkurs konar álögum, sem það leysist úr, þegar kolin brenna. Menn munu þá kunna að nota sólskin samtíðarinnar. Jarðrækt mun verða stunduð mjög mikið, en með mjög breyttum og nýstárlegum aðferðum. Hraðrækt mætti nefna það, og verða við það notaðir geislar, sem menn vita nú lítið um. Nýjar ávaxtategundir verða þá framleiddar, miklu hollari og bragðbetri en þær, sem nú þekkjast. En ekki er ég með þessu að segja, að hveiti og rúgur verði þá úr sögunni, heldur munu þá verða notaðir til fulls bragð- og hollustumöguleikar þessara ágætu ávaxta; en enn sem komið er vantar mikið á að það sé gert eins og mætti. Alls ekki verður þá tíðkað að ala upp skepnur til þess að drepa þær. Gagnvart selum og hvöllum, þessum merkilegu dýrum, sem nú eiga svo hryllilegu miskunnarleysi að mæta af mannanna hálfu, munu menn koma fram eingöngu sem dýravínir og hafa mikla ánægju af þeim á ferðum sínum. Og það mun verða ferðast mikið. Allir munu eiga kost á að sjá mikinn hluta jarðarinnar. Styrjaldir verða engar, enginn vill þá taka á sig hinar óumflýjanlegu afleiðingar af því að meiða eða drepa. Einnig verða ýmsar deilur flokka og einstakra manna miklu minni en nú, auðveldara að forðast deiluefnin og koma á samtökum. Ósamkomulag um trúarbrögð verður úr sögunni að miklu eða mestu leyti. Menn munu eftir vísindalegum aðferðum leita sambands við lengra komnar verur á stjörnunum, og slíkar verur verða hér jafnvel tíðir gestir. Eins og nokkurs konar æðra sólskin yfir öllu lífinu, verður hin aukna víðsjá og framsjá. Meir og meir munu menn vita, hvers vænta má af framtíðinni, og meir og meir verður það, sem þó er óvænt, betra en búizt hafði verið við, svo að hið fornkveðna: margt gengur verr en varir, verður þá ekki sannmæli framar. Og eins og ég hefi getið um hér áður, verður mikil rækt lögð við draumlífið, og svefnhvíldin notuð til að kynnast lífinu á öðrum stjörnum.